

Fjármálaráðuneytið  
Tekju- og lagaskrifstofa - IHP

Alþingi  
Erindi nr. Þ 117/301 Sjá síðara  
komudagur 8/12 1993/207

6. desember 1993.

PHB

### Minnisblað um VSK á sölu veitingahúsa

Í umsögn SVG um frumvarp til laga um breytingar á skattmálum gæti nokkurs misskilnings og ónákvæmni. Í umsögninni er látið að því liggja að veitingarekstur muni búa við 24,5% virðisaukaskatt og að ranglega sé fullyrt í frumvarpinu að veitingahús verði jafnsett þeim sem selja matvöru í lægra þrepinu.

Í frumvarpinu er gerð glögg grein fyrir þeim forsendum sem sú ályktun er byggð á, þ.e. að matvara sé seld með 25% á lagningu á heildsöluverði.

Í töflu 1 er stillt upp dæmi sem sýnir þetta glögglega. Þar kemur fram að á milli verslunar sem selur matvöru með 25% álagningu og 14% virðisaukaskatti og veitingahúss sem selur sömu vöru með sömu álagningu og skatti samkvæmt því fyrirkomulagi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er enginn munur.

	Verslun Veitingahús	
Heildsöluverð .....	1.000,00	1.000,00
Innskattur .....	140,00	140,00
Álagning .....	250,00	250,00
Útskattur .....	175,00	306,25
÷ Innskattur .....	140,00	140,00
÷ Innskattsálag .....		<u>131,25</u>
Skattskil .....	35,00	35,00
Verð til neytanda .....	1.425,00	1.425,00
Lækkun frá fullum skatti .....	131,25	131,25

Það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir leiðir til þess að sú ívilnum sem felst í lækkun skatts á matvæli er hin sama fyrir sömu vöru hvar sem hún er seld með tiltekinni álagningu. Matur sem neytandi kaupir úr matvöruverslun með 25% álagningu á 1.425 kr. hefur lækkað um 131,25 kr. vegna lækkunar virðisaukaskattsins. Sama lækkun fæst ef þessi sami matur er keyptur á skyndibitastað, venjulegum veitingastað eða glæsihótel.

Þessi niðurstaða byggist á þeirri forsendu að álagning í matvöruverslunum sé um 25%. Miðað við þá forsendu leiðir það fyrirkomulag sem lagt er til ekki til neinnar mismununar í samkeppnisaðstöðu. Auðvelt er að sýna fram á að frávik frá þessari forsendu hafa óveruleg áhrif á samkeppnisaðstöðu, t.d. leiðir aðferðin til um 1,5% í verslun og í veitingahúsi og 2-3% sé álagningin 100-150% eins og í dæmum SVG.

2  
o